11. mars 2009
SI-50172

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 6. mars 2009, sem barst í tölvupósti sama dag, óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, 365. mál.

Með frumvarpinu er gengið lengra en gert var á síðasta haustþingi með setningu laga um gjalddaga aðflutningsgjalda þar sem nú er lagt til að greiðsluaðlögunin nái til allra reglubundinna (tveggja mánaða) uppgjörstímabila á árinu 2009 að því er varðar bæði aðflutningsgjöld og vörugjöld. Með því er verið að bregðast tímabundið við brýnni þörf á gjaldaaðlögun fyrirtækja vegna þess gengisfalls, samdráttar og verðbólgu sem ríkir í íslensku efnahagslífi um þessar mundir.

Seðlabankinn gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

| | |
|---|---|
| Svein Harald Öygard | Arnór Sighvatsson |
| seðlabankastjóri | aðstoðarseðlabankastjóri |